

Keppni ungra sýnenda 12.júní 2021 Dómaraviðtal

Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir

Umsjón: Svava Björk Ásgeirsdóttir
Myndir: Ágúst Ágústsson

Auk hvolpasýningarinnar þann 12.júní sl. fór einnig fram keppni ungra sýnenda. Dómari að þessu sinni var Guðrún Dögg Sveinbjörnsdóttir. Keppni ungra sýnenda var vel sótt og voru það 14 ungir sýnendur sem voru skráðir til leiks, níu keppendur í eldri flokki og fimm keppendur í þeim yngri.

Úrslitin voru sem hér segir:

Yngri flokkur:

- 1.sæti Margrét Anna Lapas með Cavalier
- 2.sæti Rósey Björk Hilmarsdóttir með Cavalier
- 3.sæti Aníta Hlín Kristinsdóttir með Cavalier
- 4.sæti Emily Kristjánsdóttir með Cavalier



Eldri flokkur:

1.sæti Bergdís Lilja Þorsteinsdóttir með English Springer Spaniel

2.sæti Freyja Guðmundsdóttir með Tibet Spaniel

3.sæti Hrönn Valgeirsdóttir með Pudel Pointer

4.sæti Snærún Ynja Hallgrímsd.Smith með German Shepherd



Við fengum Guðrúnu Dögg til þess að gefa okkur smá innsýn inn í upplifun sína þennan fallega laugardag á Víðistaðatúni í Hafnarfirði með þessum frábæru ungu sýnendum.

Hvernig fannst þér ungu sýnendurnir standa sig almennt?

Almennt fannst mér ungu sýnendurnir standa sig mjög vel. Það var gleði sem skein úr hverju andliti enda margir búnir að bíða lengi eftir tækifærinu að spreyta sig í hringnum.

Í hvað horfirðu helst þegar þú dæmir unga sýnendur?

Ég horfi á það fyrst og fremst hvort sýnandinn sé að sýna hundinn eins og hundurinn er bestur. Að hann hafi gott samband við hundinn en jafnframt fylgist vel með því hvað sé að gerast í hringnum.

Hvernig var upplifun þín af að dæma á sýningunni?

Upplifun mín var mjög góð. Ég hefði gjarnan viljað hafa aðeins rýmri tíma til að dæma og gefa ungu sýnendunum meiri tíma til að sýna hvað þau kunna og geta.

Yngri flokkur:

Hvernig voru heildargæðin í yngri flokki og hvað heillaði þig við sigurvegarana?

Keppendur í yngri flokki voru allt efnilegar ungar stelpur sem augljóslega höfðu gaman af samverunni með hundinum sínum og gerðu sitt besta en vantaði stundum upp á sjálfstraustið.

Það var eftirtektarvert að sú sem varð í 1. sæti hafði gott samband við hundinn sinn og gerði allt rétt. Sú sem varð í 2.sæti var líka með gott samband við hundinn en vantaði aðeins upp á sjálfstraustið til að ná að skína.

Hefurðu einhver ráð til sýndanna í yngri flokki?

Að halda áfram að æfa sig og hafa trú á ykkur sjálfum.

Eldri flokkur:

Hvernig voru heildargæðin í yngri flokki og hvað heillaði þig við sigurvegarana ?

Eldri flokkurinn var mjög sterkur hópur og margir sýndendur sem hefðu getað verið í sætum á öðrum degi. Þarna réði staður og stund. Sigurvegararnir voru allir með gott samband við hundana sína og virtust hafa gaman af. Sú sem ég valdi í 1.sæti var einlæg og var allan tímann meðvituð um hvar dómariinn var og hvað var í gangi í hringnum. Hún og hundurinn náðu vel saman og gleðin skein af henni allan tímann.

Hefurðu einhver ráð til sýndanna í eldri flokki?

Muna að hafa gaman og reyna að verða ekki of stressuð yfir smáatriðum og passa að gera greinarmun á því hvaða tegund er verið að sýna.

Við þökkum Guðrúnu Dögg kærlega fyrir að gefa okkur innsýn inn í starf dómars í keppni ungra sýnenda, þeirri fyrstu árið 2021.